



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 12. nóvember 2015.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (EES-reglur), 228. mál, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 23. október þar sem óskað er álit Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (EES-reglur), 228. mál á 145. löggjafarþingi.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var það lagt fram á síðasta þingi (636. mál) en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið hefur tekið nokkrum breytingum frá því að það var lagt fram síðast, m.a. þeirri mikilvægu breytingu að ekki er lengur krafist fyrirframsamþykkis, eins og gert var í fyrra frumvarpi.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er megintilgangur þess að innleiða í íslenskan rétt tilskipun frá 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri og framkvæmdartilskipun frá 2012 um ráðstafanir til að auðvelda viðurkenningu á lyfseðlum sem eru gefnir út í öðrum aðildarríkjum.

Frumvarpið, verði það að lögum, mun gera sjúkratryggðum hér á landi kleift að sækja heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki EES-samningsins og heimila endurgreiðslu kostnaðar að því marki sem sjúkratryggingar greiða fyrir sambærilega þjónustu hér á landi.


LÍ og Læknafélag Reykjavíkur sendu velferðarráðuneytinu á fyrri stigum sameiginlega umsögn um frumvarpið hinn 16. febrúar 2015 svohljóðandi:

Af athugaemdum með frumvarpsdrögum er ljóst að um er að ræða lögfestingu reglna sem leiða af aðild Íslands að EES-svæðinu. Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur vilja þó í þessu sambandi benda á mikilvægi þess að settar verði forgangsreglur og að íslensk heilbrigðisþjónusta verði eflað til að draga úr líkum á því að íslenskir sjúklingar muni þurfa að leita til EES-svæðisins eftir heilbrigðisþjónustu, á grundvelli regnanna.

Þessi umsögn er áréttuð. Það getur verið sjúklingum mikilvægt að greitt sé fyrir aðgengi að öruggri hágæðaheilbrigðisþjónustu yfir landamæri, tryggja frjálst flæði sjúklinga innan EES og stuðla að samvinnu um heilbrigðisþjónustu. LÍ telur þó að sjúklingum sé mikilvægast að eiga greiðan aðgang að slíkri þjónustu hér á landi. LÍ fullyrðir að það sé vilji flestra sjúklinga njóta öruggrar hágæðaheilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma til fundar við velferðarnefnd Alþingis vegna frumvarps þessa, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,


Þorbjörn Jónsson,
formaður.